



## Reglur fyrir skipulögð gámasvæði í Fjarðabyggð

### 1.gr. Umsókn um geymslusvæði á skipulögðum gámasvæðum

Sótt skal um geymslusvæði á skipulögðum gámasvæðum á þar til gerðu eyðublaði. Fram komi nafn, heimilisfang og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund geymslu. Umsóknarblað skal vera undirritað af umsækjanda. Við úthlutun geymslusvæðis skal leigutaki undirrita leigusamning. Leigutaka er óheimilt að endurleigja plássið til annarra.

### 2.gr. Leigutími

Leigutími er til eins árs í senn. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 3 mánuðir miðað við 1. hvers mánaðar. Hafi hvorugur samningsaðili byggt á því að leigusamningur sé niðurfallinn innan þriggja mánaða frá lokum gildistíma, skal samningurinn framlengjast sjálfkrafa um 1 ár, talið frá lokum gildistíma samningsins.

### 3. gr. Gjaldtaka

Leigugjald er innheimt fyrirfram. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar upp á skal endurgreiða leigutaka hlutfallslega m.t.t. eftirstöðva leigutíma, enda hafi leigutaki greitt leigugjaldið. Leigutími getur þó aldrei verið styttri en þrír mánuðir.

Skrifstofa Fjarðabyggðar sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum reiknast dráttarvextir af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001.

### 4.gr. Leigugjald

Leiga á geymslusvæði á skipulögðum gámasvæðum er í samræmi við gjaldskrá byggingarleyfis-, framkvæmdaleyfis og þjónustugjalda skipulags- og byggingarfulltrúa í Fjarðabyggð.

Gjaldskrá stöðuleyfa tekur breytingum mánaðarlega í samræmi við breytingu byggingarvísitölu.

### 5.gr. Kröfur um hluti og búnað sem geymdir eru á svæðinu

Hlutir og búnaður sem eru geymdir á svæðinu mega ekki innihalda mengandi efni sem hætta er á að berist um svæðið og umhverfi þess. Leigutaki þarf að ganga þannig frá að ekki skapist slysa eða fokhætta.

### 6.gr. Ábyrgð leigutaka

Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim munum sem hann geymir á svæðinu. Gámar á geymslusvæðinu skulu vera snyrtilegir.



### 7.gr. Umgengni

Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Leigutaki skal gæta þess að valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum t.d. með því að hefta aðgengi að öðrum leigureitum. Óheimilt er að geyma hluti við eða ofan á gánum sem eru í geymslu á svæðinu. Brot á ofangreindu varða ákvæði í 2.6.2. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Reglurnar taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar og falla jafnframt eldri reglur úr gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 4. október 2018

Karl Óttar Pétursson

Bæjarstjóri

